

---

**Þriðji fundur Leiðtogaráðs LUF**  
4. nóvember 2020, fjarfundur, kl. 17:30

**Mættir eru:** Hugrún: Karen Geirsdóttir, ELSA Iceland: Kristinn Snær Guðmundsson, JCI: Guðlaug Birna Björnsdóttir, SHÍ: Guðný Ljósbrá Hreinsdóttir, SUB: Þórunn Dís Þórunnardóttir, SUF: Lilja Rannveig Sigurgeirsdóttir, UAK: Kristjana Björk Barðdal, UE: Starri Reynisson, UJ: Ragna Sigurðardóttir, Unghugar: Þórður Páll Jónínuson, Ungir fjárfestar: Arnaldur Þór Guðmundsson, UNF: Guðrún Fjóra Guðmundsdóttir, Ungliðahreyfing ÖBÍ: Margrét Lilja Aðalsteinsdóttir, Ungmennaráð UNICEF: Nadía Lóa Atladóttir, Ungmennaráð UN Women: Sigríður Þóra Þórðardóttir, UU: Þorgerður M Þorbjarnardóttir, Uppreisn: Emilía Björt Írisardóttir og UVG: Sigrún Birna Steinarsdóttir

**Frambjóðendur til Ungmennafulltrúa Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum á sviði**

**kynjajafnréttis:** Hugrún: Andrea Gunnarsdóttir, SHÍ: Magnús Orri Magnússon, UAK: Eva Dröfn Hassell Guðmundsdóttir, UJ: Vera Jónsdóttir og UN Women: Fönn Hallsdóttir

**Fulltrúar stjórnar:** Oddviti leiðtogaráðs: Geir Finnsson (GF), forseti LUF: Una Hildardóttir (UH), gjaldkeri: Ásdís Nína Magnúsdóttir, alþjóðafulltrúi: Sara Þöll Finnbogadóttir (SÞF) og lýðræðisfulltrúi: Steinunn Ása Sigurðardóttir (SÁS). **Frá skrifstofu:** Sigurður Helgi Birgisson (SHB) lögfr. og Heiða Vigdís Sigfúsdóttir verkefnastj.

*Fundarstjóri: Geir Finnsson, forseti leiðtogaráðs.*

*Fundur settur 17:32*

- 1. Ávarp fundarstjóra:** GF tekur fram að þetta sé fyrsti fjarfundur leiðtogaráðs frá upphafi. Leiðtogaráðsfundir eru fjórir á ári og hér eru teknar allar meiriháttar ákvarðanir um starfsemi félagsins á milli sambandsþinga. Lögð er rík áhersla á tengslamyndun, því krefjast þessir fundir að fólk hittist í persónu. Vegna aðstæðna ákvað stjórn að halda þriðja fund rafrænan, einkum því ekki er ljóst hvort hægt verði að hittast í persónu sem af er ári, jafnvel fyrir lok starfsárs. Nauðsynlegt er að halda starfseminni gangandi og því var ákveðið að fara þessa leið.
- 2. Tilkynning um ný áheyrnarfélög:** GF tilkynnir að nýlega hafi stjórn samþykkt þrjár umsóknir nýrra aðildarféлага sem hefur verið veitt áheyrnaraðild. Venjan er að fulltrúar nýrra féлага í ráðinu taki við aðildarviðurkenningum og stilli sér upp í myndatöku, en því miður verður það að bíða þar til aðstæður leyfa. GF býður fulltrúa nýrra féлага sérstaklega velkomna á sinn fyrsta fund.
  - 2.1. [ELSA Iceland:](#)** Sóttu um fulla aðild. Stjórn samþykkti að veita félaginu áheyrnaraðild 8. október 2020. En umsókn um fulla aðild krefst staðfestingu sambandsþings. ELSA er hluti af evrópskri heild laganema sem vinna að því að læra og miðla lögfræðipækkingu með það að markmiði að byggja upp réttlátara samfélag - þar sem mannréttindi eru höfð að leiðarljósi.

- 2.2. [Ungmennaráð UN Women](#): Sóttu um áheyrnaraðild sem stjórn samþykkti með lófaklappi 18. september. Markmið ráðsins er að vera málsvari kvenna í fátækari ríkjum heims með það að leiðarljósi að störf þeirra séu órjúfanlegur hluti af efnahags- og félagslegrar framþróunar.
- 2.3. [Ungliðahreyfing ÖBÍ](#): Sóttu um áheyrnaraðild sem stjórn samþykkti með lófaklappi 18. September. Tilgangur hreyfingarinnar er að veita jafningjastuðning, stuðla að sjálfstyrkingu og berjast fyrir réttindum fatlaðs fólks.

Fulltrúar nýrra félaganna kynna sig og leiðtogaráð býður ný aðildarfélög velkomin.

3. **Drög að dagskrá 3. fundar Leiðtogaráðs:** GF kynnir dagskrá og vekur athygli á að hún byggist á fastri dagskrá skv. lögum LUF. GF útskýrir að mælendaskrá fari fram á spjallþræði inni á Zoom. Til að biðja um að taka til máls þarf viðkomandi að skrifa nafnið á félaginu þar inn. Þegar ekki er kosið leynilega telst mál samþykkt ef enginn hreyfir við andmælum. Kosið verður með því að smella á upprétta hönd ef þess er óskað af a.m.k. einum fulltrúa ráðsins.

*Til umræðu og samþykktar:* Engar athugasemdir bárust og er dagskráin samþykkt einróma.

4. **Tillaga frá stjórn að kosningafyrirkomulagi:** Að kosið verði leynilega í tveim umferðum og að einvígi verði á milli þeirra tveggja sem hljóta flest atkvæði. Sá sem sigrar 2. umferð hlýtur kjör sem Ungmennafulltrúi Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum á sviði kynjajafnréttis, sá sem tapar verður varafulltrúi. Verði jafntefli í fyrstu umferð á milli fleiri en tveggja, verður kosið milli þeirra.

*Til umræðu og samþykktar:* Engar athugasemdir bárust og telst tillagan samþykkt.

5. **Kosning kjörbréfanefndar:** GF tilkynnir að stjórn leggi til að starfsmenn félagsins, SHB og HVS, ásamt einum óháðum fulltrúa leiðtogaráðs frá félagi sem er ekki með fulltrúa í framboði á fundinum.

*Kosning:* GF opnar fyrir framboð og gefur fulltrúi UE kost á sér. Enginn hreyfir við andmælum og hljóta HVS, SHB og fulltrúi UE kjör í kjörbréfanefnd.

6. **Framboð til [Ungmennafulltrúi Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum á sviði kynjajafnréttis](#):** GF tilkynnir að framboðsfrestur til Ungmennafulltrúa Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum á sviði kynjajafnréttis sé runnin út. GF upplýsir ráðið um að um sé að ræða kosningu í fyrsta sinn í embættið á Íslandi og að fulltrúinn komi meðal annars til með að sækja viðburði tengda verkefni „Kynslóð jafnréttis“. Auk þess að skipa sæti áheyrnarfulltrúa í stýrihóp utanríkisráðuneytisins og forsætisráðuneytisins um verkefni. Fulltrúi Ungmennaráðs UN Women tilkynnir að fulltrúi þeirra, sem gaf kost á sér stuttu fyrir fund sé ekki mætt á fundinn, af þessum ástæðum mun fulltrúinn verða síðastur á mælendaskrá. GF tilkynnir að 4 frambjóðendur gefi kost á sér og að þeir fái að hámarki 3 mínútur til að kynna sig í pontu og verða þeir kallaðir upp eftir stafrófsröð félagsins.

*Fframbjóðandi UN Women: Fönn Hallsdóttir, mætir á fundinn.*

- 6.1. Hugrún - geðfræðslufélag: Andrea Gunnarsdóttir. GF gefur Andreu orðið.

- 6.2. Stúdentaráð Háskóla Íslands (SHÍ): Magnús Orri Magnússon. GF býður Magnúsi orðið.
- 6.3. Ungar athafnakonur (UAK): Eva Dröfn Hassell Guðmundsdóttir. GF býður Evu orðið.
- 6.4. Ungir jafnaðarmenn (UJ): Vera Jónsdóttir. GF býður Veru orðið.
- 6.5. Ungmennaráð UN Women: Fönn Hallsdóttir. GF býður Fönn orðið.

**Leynileg kosning:** GF þakkar frambjóðendum fyrir ræður sínar og útskýrir að fulltrúar félaga með fulla aðild kjósi nú leynilega. Hver fulltrúi ráðsins hefur fengið kjörseðil sendan með tölvupósti frá Election Runner. GF tilkynnir að kjörbréfanefnd hefur lokað fyrir kosningu. Að lokinni talningu er SHB formanni kjörbréfanefndar boðið að kynna úrslit kosninga. SHB tilkynnir að Andrea Gunnarsdóttir og Eva Dröfn Hassell Guðmundsdóttir haldi áfram í næstu umferð. GF þakkar þeim sem komust ekki áfram í aðra umferð kærlega fyrir þátttökuna og þau beðin að yfirgefa fundinn. Fulltrúar með kosningarétt fá sendan kjörseðil fyrir aðra umferð. GF býður formanni kjörbréfanefndar orðið. SHB tilkynnir að Eva Dröfn Hassell Guðmundsdóttir hafi sigrað með meirihluta atkvæða og að Andrea Gunnarsdóttir verði því varamaður Evu. GF óskar kjörnum fulltrúa og varafulltrúa til hamingju með kjörið, upplýsir að haft verði samband við kjörinn fulltrúa fljótlega að fundi loknum.

*Kjörnir fulltrúar yfirgefa fundinn.*

*Riari stjórnar LUF: Rut Einarsdóttir mætir á fundinn.*

*Fulltrúi ungmennaráðs UNICEF yfirgefur fund.*

7. **Áfangaskýrsla stjórnar:** UH kynnir áfangaskýrslu og skýrir stöðu verkefna og það sem koma skal fyrir sambandsþing. Stjórn telur sig hafa náð 5 markmiðum af þeim 20 sem fulltrúaráð samþykkti á 1. fulltrúaráðsfundi þann 2. júlí. Eftir standa 15 markmið, af þeim eru 13 í vinnslu og 2 hafa verið sett í bið.

*Fulltrúi Ungheilla yfirgefur fund.*

*Fulltrúi SUB yfirgefur fund.*

**Til umræðu og samþykktar:** GF opnar fyrir umræðu og minnir á að mælendaskrá fer fram í spjallþræðinum. GF ber áfangaskýrslu upp til samþykktar, ef enginn hreyfir við andmælum telst skýrslan samþykkt. En það þýðir að ráðið meti skýrsluna fullnægjandi áður en henni verður skilað til mennta- og menningarmálaráðuneytisins.

- 7.1. Fulltrúi SUF, spyr hvort að möguleiki sé á að hafa leiðtogaskóla Íslands rafrænan, sérstaklega í ljósi þess að færðin í janúar getur verið erfið fyrir fulltrúa sem búa á landsbyggðinni. UH svarar að tengslamyndun sé grundvallaratriði skólans og þess vegna hafi stjórn ákveðið að fresta skólanum, en ef samfélagshindranir vegna Covid-19 verða enn í gildi, verði skólinn haldinn rafrænn í janúar.

*Fulltrúi Uppreisnar yfirgefur fund.*

*Forseti LUF yfirgefur fund.*

8. **Fjárhagsstaða:** GF býður Ásdísi Nínu Magnúsdóttur, gjaldkera LUF, að kynna fjárhagsstöðu félagsins. ÁNM greinir frá að rúmlega níu milljóna króna afgangur útskýrist meðal annars af ógreiddum launakostnaði fyrir þá mánuði sem eftir standa og vegna verkefna sem hafa eyrnamerktað fjárhæðir en var frestast vegna COVID-19.

*Til upplýsinga og umræðu:* GF opnar fyrir umræðu og gefur fulltrúum færi á spurningum.

**8.1.** Fulltrúi UJ spyr hvort að eyrnamerkir fjármunir gætu nýst á starfsárinu með nýjum verkefnum, sér í lagi þar sem afgangur er mikill. SHB svarar að það fjármagn tengist ákveðnum verkefnum, en að unnt sé að hrinda af stað nýjum verkefnum með aukalegu fjármagni. ÁNM hvetur fulltrúa til að senda hugmyndir á LUF að verkefnum.

## **9. Önnur mál**

**9.1.** Fulltrúi UJ: vekur athygli á baráttumáli sem ungliðahreyfingar nokkurra stjórnsmálaflokka, LÍS og Ung-ASÍ hafa unnið að síðastliðnar vikur um kröfur í aðgerðum vegna aukins atvinnuleysis ungs fólks. Hún vill gjarnan vekja umræður um málefnið og kanna hvort vilji sé fyrir því að LUF og aðildarfélögin fari fram á að stjórnvöld fari í greiningu á atvinnuástandi ungs fólks.

**9.2.** Fulltrúi UU: vekur athygli á þöglum mótmælum UU fyrir utan alþingishúsið þar sem skóm var komið fyrir á tröppum hússins sem hluti af loftslagsverkföllum. UU hefur áhyggjur af rétt fólks til að mótmæla í ljósi samfélagstakmarkanna af völdum Covid-19 þar sem áhyggjumál er að auðveldara sé að koma í gegn erfiðum málum á tímum sem þessum. Fulltrúi UVG, UNF, SÁS taka undir. Fulltrúi UVG leggur til að vísa málinu til stjórnar LUF. Fulltrúi UJ bendir á mikilvægi þess að umræðan sé áberandi og að hamrað sé á henni og leggur til að vísa til stjórnar að setja saman sameiginlega yfirlýsingu, sem öll aðildarfélög geti komið að. SHB: bendir á að tillagan sé í samræmi við stefnu LUF og að félagið hafi verið að vekja athygli á stefnuleysi stjórnvalda í málefnum ungs fólks sem gerir ástandið enn erfiðara umfangs nú. Þá vekur SHB athygli á því að fulltrúar ráðsins geti lagt fram sjálfstæðar tillögur.

**9.3.** Tillaga fulltrúa UJ: *Ég legg til bókunar að stjórn LUF verði falið í samstarfi við aðildarfélög LUF að skrifa sameiginlega yfirlýsingu um stöðu ungs fólks í kjölfar Covid-19 þar sem vakin verður athygli á stöðu ungs fólks á vinnumarkaði, réttur til mótmæla og aðrar afleiðingar Covid-19 og stjórnvöld hvött til þess að greina stöðuna og setja fram sértækar aðgerðir í þágu ungs fólks á Íslandi í kjölfar Covid-19.* Tillagan er samþykkt einróma.

**9.4.** SHB: vekur athygli á „Health at UNLEASH 2021“ sem býður 200 ungmennum á Norðurlöndunum til Grænlands og hefur beðið LUF um að vera samstarfsaðili verkefnisins.

*Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 19:27*

*HVS ritaði fundargerð*